



03 júlí 2017

Helstu verkefni Sveitarstjóra

Þjósárdalslaug. Það hefur nokkur tími farið í stúss vegna fyrirhugaðra samningum um Reykholtslaug í Þjósárdal

Við Skafti fórum í Umhverfissráðuneytið og hittum ráðherra ásamt fleirum sem fara með land sem liggur að Þjósárverum. Er það verið að taka upp þráðinn frá 2013 varðandi friðun Þjósárvera en þið munið hvernig því var háttað.

Einnig hittum við ráðherrann á fundi í Aratungu. Þar var fundarefnið að há'lendið verði gert að þjóðgarði. Mættu þar fulltrúar allmargra sveitarfélaga.

Framkvæmdir- Eins og þið hafið eflaust tekið eftir hefur verið hellulagt við félagsheimilið í Árnes auk þess við Leik – og grunnskóla ásamt því hér við mitt heimili. Vil ég lýsa ánægju minni með þær framkvæmdir.

Fráveituverkefnið hefur eins og áður er getið orðið nokkuð tímafrekara en ætlað var. Ekki þori ég að gefa út dagsetningu á því hvenær þeim framkvæmdum veðurur lokið.

Áhaldahús. Þegar hefur verið greitt 85 % af verði þess eða um 11 mkr til Búnaðarfélagins. Afhending á húsinu til nýrra eigenda hefur dregist nokkuð. Von er til að það verði seint í ágúst.

Skólabíll. Það hagar þannig til að börnum á leiðinni að Laxárdal er að fjölga og er því óhjákvæmilegt að kaupa skólabíl sem tekur fleiri börn. Ég hef augastað á bifreið af gerðinni Ford Transit 4X4. Árgerð 2011 ekinn 81 þúsund og hef samið um að fá hann á 4 mkr.

Skiltamál. Við erum að fjölga skiltum um þessar mundir. Þá erum við að tala um skilti sem benda á bann við að tjalda eða leggja svefnbílum. Auk þess munum við setja upp skilti sem banna umferð ökutækja á reiðvegum.

Við höfum samið um að taka á leigu íbúðarhúsið að Miðhúsum. Sem við munum framleigja til Selmu Kaldalóns og fjölskyldu. En hún hefur verið ráðin kennari við Þjósárskóla.



Íbúafjöldinn hefur staðið óbreyttur síðan 1 maí 610 manns og eru í sögulegu hámarki. Núna í júní fóru 14 inn og fóru jafnmargir út.

Hjólhýsasvæði – Eigendur hjólhýsa hafa lagt fram stjórnsýslukæru til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Er það um að ræða kæru vegna ákvörðunar um breytingu á deiliskipulagi.

Vegamál Ég er búinn að vera pirraður yfir þeim og er langeygur eftir því að sjá úrbætur.

Sameiningarmál. Það verður næst fundur að ég held seint í ágúst í þeirri nefnd sem þar er til staðar frá í vetur.

Enn er talsvert mikið er spurt um lóðir um þessa mundir bæði til fastrar og frístundabúsetu.

Fleira mætti eflaust telja upp. En ég læt duga að sinni.

Njótið sumarsins.

Góðar stundir Kristófer